



# Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Mars 2003 nr. 131

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Davið Ólafsson

## ÆDALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

22. MARS 2003

**Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands** verður haldinn í húsi Sögufélags í Fischersundi laugardaginn 22. mars og hefst hann klukkan 16:30 síðdegis. Samkvæmt lögum félagsins skal dagskrá aðalfundar vera svohljóðandi:

1. Árskýrsla stjórnar kynnt og lögð fram til samþykkтар.
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins kynntir og lagðir fram til samþykktar.
3. Lagabreytingar.
4. Kjör stjórnar. Kjör tveggja endurskoðenda reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
5. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsá.
6. Önnur mál.

Áður en gengið verður til aðalfundarstarfa mun Friðrik Skúlason tölvunar- og ættfræðingur flytja erindi um ættfræðigrunninn Íslendingabók sem opnaður var á netinu nýlega. Friðrik mun reifa þá

möguleika sem gagnagrunnur af þessu tagi getur opnað fræðimönnum sem fåst við liðna til og jafnframt leita eftir hugmyndum frá fundarmönnum um notkunarmöguleika grunnsins.

Að loknu erindi Friðriks og umræðum verður gert stutt hlé en gengið verður til formlegra aðalfundarstarfa um kl. 17:30. Engar tillögur liggja fyrir um breyttingar á lögum félagsins og því fellur þriðji liður dagskrár niður. Að fundi loknum verður gengið til kvöldverðar á veitingastaðnum Horniniu. Boðið verður upp á hópmatseðil sem samanstendur af léttsteiktu lambafille með sólpurruðum tómötum og kryddbókuðum kartöflum og sukkulaðíkóku með vanillukremi í eftirrétt og kostar hann 3100 kr. Þeir sem ekki hafa áhuga á þessum rétti geta að sjálfsögðu pantad af matseðli hússins að vild. Vinsamlega látið Davíð Ólafsson vita ef þið ætlið í matinn (davidol@akademia.is eða sími 8456573) í síðasta lagi miðvikudaginn 19. mars.

Fjölmennum! Stjórnin.

RÁÐSTEFNA Á AKUREYRI 29. MAÍ -1.JÚNÍ

## ÁTTHAGAR OG UMHVERFI. STAÐARVITUND Í SÖGU(M) OG SÖGNUM

Næsta landsbyggðarráðstefna Félags bjóðfræðinga á Íslandi og Sagnfræðingafélags Íslands verður haldin á Akureyri dagana 29. maí – 1. júní 2003. Yfirschrift ráðstefnunnar verður Átthagar og umhverfi. Staðarvitund í sögu(m) og sögnum. Hún er haldin í samstarfi við þjárfarstofnanir á staðnum, Háskólanum á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri og Heraðsskjalasafnið á Akureyri.

Tilhögun ráðstefnunnar verður í stórum dráttum með eftirfarandi hætti. Boðið verður upp á rútuferð frá Reykjavík að morgni fimmtudags 29. maí sem er uppstigningardagur. Ráðstefnan verður sett síðegis með opnunarfyrirlestri ásamt því sem Minjasafnið á staðnum verður heimsótt og í kjölfarið verður móttaka fyrir ráðstefnugesti. Föstudaginn 30. maí verða fluttir fyrirlestrar frá kl. niú til hálfjölgur en að því bánu verður farið í

skoðunarferð að Gásum, Skipalóni og til Hjalteyrar en ferðin endar svo á heimsókn til Hríseyjar þar sem verður snæddur kvöldverður, auk þess sem þorpíð verður skoðað í fylgd staðkunnugra. Laugardaginn 31. maí verða fluttir fyrirlestrar frá kl. niú til eitt en að loknu hádegishléi verður farið í ferð um Eyjafjarðarsveit undir leiðsögn Braga Guðmundssonar. Um kvöldið verður svo snæddur hátiðarkvöldverður á Akureyri. Brottför rútnunar til Reykjavíkur verður á sunnudagsmorgun 1. júní. Samtals verða fluttir 17 fyrirlestrar og er þá opnunarfyrirlestur meðtalinn.

Viðbrögð við fyrirlestraleit hafa verið mjög góð og er nú unnið að því að raða saman veglegri dagskrá. Skráningatími og dagskrá verða kynnt nánar í næsta Fréttabréfi auk þess sem nýjustu tilindum verður miðlað á Gammabrekku.

## ÚR STARFI FÉLAGSINS

### Jólarannsóknaræfing 7. desember

Laugardaginn 7. desember héldu Sagnfræðingafélagið, Félag íslenskra fræða og Reykjavíkurakademían Jólarannsóknaræfingu í Kaffileikhúsinu. Húsið var opnað kl. 18:00 og borðhald hófst klukkustund síðar. Reiddir voru fram Tapas smáréttir að hætti hússins og stóð borðhald til rúmlega 22.

Fyrirlesari að þessu sinni var dr. Guðrún Nordal íslenskufræðingur og nefndist erindi hennar Egill, Snorri og Plús ex. Að loknu erindi, borðhaldi og ófræðilegri spurningakeppni milli félaganna lék hljómsveit Tómasar R. Einarssonar fyrir dansi til kl. 1. Um 50 meðlimir félaganna briggja tóku þátt í æfingunni og skemmtu þeir sér hið besta.

### Uppskeruhátið 12. desember

Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag stóðu sameiginlega fyrir uppskeruhátið í húsi Söguélags við Fischerstund fimmtdaginn 12. desember s.l. Með þessari dagskrá vildu félögini auðvelda fólk að glöggva sig á þeim fjölda sagnfræðirita sem þá voru nýkomin út. Húsið opnaði kl. átta en dagskráin hófst hálftíma síðar undir styrkri stjórns Eggerts Þórs Bernharðssonar. Hver höfundur fókk sex mínútur til að segja stuttlega frá sínu verki og því sem kom mest á óvart við vinnslu þess. Eftirtaldir höfundar tóku til máls: Guðjón Friðriksson, Helgi Skúli Kjartansson, Hulda S. Sigtryggsdóttir, Jón P. Þór, Kristján Sveinsson, Ólöf Garðarsdóttir, Már Jónsson og Þórunn Valdimarsdóttir. Fleiri höfundum var boðin þátttaka en komust því miður ekki. Þá voru eftirfarandi rit kynnt stuttlega: Hausthefti Sögu 2002, Íslenskir sagnfræðingar, seinna bindi, Ráðstefnurit Sögupings 2002, fyrra og seinna bindi, og Þjóðerni í þúsund ár? Um leið og fundarmenn hlýdu á frásagnir höfundanna, nutu þeir létra veitinga hússins. Flestir sátu við borð en með því tókst að skapa allgóða kaffihúsastemningu í húsinu. Fundurinn var vel sóttur en áætlað er að hátt í 60 manns hafi verið á staðnum þegar flest var og það þrátt fyrir mikla samkeppni frá nokkrum viðlika viðburðum í borginni.

### Bókafundur 5. febrúar

Fimmtudaginn 5. febrúar sl. var haldinn árlegur bókafundur félagsins. Að þessu sinni var fjallað um eftirtalarð bækur: Jón Sigurðsson eftir Guðjón Friðriksson, Horfinn heimur eftir Þórunni Valdimarsdóttur og Ísland á 20. öld eftir Helga Skúla Kjartansson.

Fundurinn hófst á erindi Guðmundar Hálfdanarsonar um bók Guðjóns. Í erindi Guðmundar kom fram að þrátt fyrir að Guðjóni tækist mjög vel að draga fram persónu Jóns og lífshlaup svo langt sem þetta fyrra bindi sögunnar næði, fyndist honum vanta meiri og skýrari tengingu við þær hugmyndastefnur sem mótuðu umhverfi og hugarheim Jóns á þessum árum. Guðmundur létt þess þó getið að auðvitað væru þessir þættir ekki hinna eiginlegi efniviður bókarinnar og liklega hefði hún ekki verið skrifð handa sér.

Þá fjallaði Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur um bók Þórunnar Valdimarsdóttur. Erla lagði einkum áherslu á frumleg efnistök, framsetningu og málfar Þórunnar svo og óvæntar tengingar milli Íslands og umheimsins um aldamótin 1900. Auk þessa vék Erla að viðleitni Þórunnar til að líta á fortíðina sem leið til að skilja og meta okkar eigin umhverfi og aðstæður í dag.

Að lokum fjallaði Kristján Sveinsson sagnfræðingur um bók Helga Skúla Kjartanssonar. Kristján sagði bókina rekja mjög skýrt helstu þræði sem almennt þykja skipta sköpun í þróun íslensks samfélags á 20. öld. Að þessu leyti væri hún svo hefðbundin að hún gæti eins hafa verið skrifð af beiðni íslenskra stjórnvalda, en Kristján tók þó fram að það teldi hann ekki ókost, þetta væri sú saga sem hánn hefði viljað lesa. Varðandi þetta atriði spunnust svo deilur um forsendur sílikra yfirlitsrita, efnistök og efnisval svo og vægi ólíkra þátta í þjóðarsögunni, tengingar og orsakaskýringar. Í þessu sambandi var rætt um hlut kvenna í „sögu“ Helga sem sumum fundarmönnum fannst fyrir borð borinn. Einhverjur voru til að mótmæla þessu og bentu á að hinir stóru atburðir í efnahagslegri- og pólitiskri þróun síðustu aldar snertu svo sannarlega líf kvenna líka og ástæðulaust væri að líta á þennan þjóðsfélagshóp sem jaðarfyrirbæri í sílikri yfirlitssögu.

Munið heimasíðu félagsins  
[www.akademia.is/saga](http://www.akademia.is/saga)

---

## NÝÚTKOMNAR BÆKUR

# ÞJÓÐERNI Í ÞÚSUND ÁR?

---

Bókin *Þjóðerni í þúsund ár?* er safn með greinum 13 höfunda um íslenskt þjóðerni frá landnámi til lýðveldis. Spurningarmerkið í titlinum er til marks um efasemdir um órofna sögu íslensks þjóðernis frá landnámsöld til lýðveldis. Greinahöfundar velta fyrir sér hvernig þjóðerni hefur tekið breytingum í aldanna rás og hverjir séu helstu gerendur í sögulegri þróun þess í gegnum aldirnar.

Fyrsti hluti bókarinnar nefnist *þjóðin fyrir þjóðernið*. Með því heiti er verið að vísa í þá hugmynd, sem er algeng í þjóðernisrannsóknunum, að þjóðerni sé tiltölulega nýtt fyrirbæri sem hafi orðið til í þeim pólitísku, menningarlegu og efnahagslegu hræringum sem höfust á 18. öld. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þjóðernishygjan skapi þjóðir en ekki öfugt. En þá þarf um leið að svara því hvers konar sjálfsmyndir hafi verið við lýði fyrir daga þjóðernisstefnunnar og hvað íslendingar hafi verið áður en þeir urðu þjóð.

Annar hluti bókarinnar heitir *Mótun þjóðernis* og er þar hugað að því hvaða áhrifavaldaðar hafi mótað hugmyndir okkar um

fyrirbærið þjóð og íslenskt þjóðerni. Hvaða máli skipti t.d. áhersla á hreinleika málsins? Var hinn sanni íslendingur karlmaður? Skipti búseta á Íslandi sköpum fyrir þjóðrækni íslendinga?

Briðji bókarhlutinn heitir *þjóð meðal þjóða*. Þar er því velt upp hvernig íslendingar túlkí stöðu sína meðal þjóða heimsins. Er það vinátta Íslands við stórveldi heimsins sem mótar sjálfsmynd okkar, eða kannski frekar staða okkar ofar „skrælingjum og villþjóðum“? Og til hvers þarf þjóðin reglulega að hittast á Þingvöllum til að rækta með sér þjóðernisvitundina?

Seinasti hluti ritsins heitir *Hverfir eru þjóðin?* Þar er velt upp spurningum um það hvaða eiginleika íslendingar þurfí til að bera til að standa undir nafni. Eru íslenskir ríkisborgarar sem ekki deila sameiginlegum minningum með þjóðinni ekki sannir íslendingar? Eða er kannski þjóðin öll búin að týna íslendingseðlinu? Eru það kannski einungis vestfirskir sérvitríngar eða huldufólk sem geta talist íslendingar nú þegar firring alþjóðavæðingarinnar gengur yfir?

(Fréttatilkynning).

---

## HVAÐ ER BORG? OG FRAMTÍÐ BORGA(R)

HÁDEGISFUNDIR OG RÁÐSTEFNA Í SAMVINNU VIÐ BORGARFRÆDASETUR

---

Senn liður að lokum fyrirlestrarraðarinnar *Hvað er borg?* sem haldin er í samvinnu Sagnfræðingafélagsins og Borgarfræðaseturs Háskóla Íslands. Þegar hafa verið flutt 12 erindi og enn eru tveir frummælendur á dagskrá. Ástráður Eysteinsson bókmennafræðingur ræðir um skálðaðar borgir í erindi þriðjudaginn 18. mars og Stefán Ólafsson þjóðfélagsfræðingur og forstöðumaður Borgarfræðaseturs flytur erindið *Reykjavík frá alþjóðlegum sjónarhóli* hinn 1. apríl.

Fostudaginn 4. apríl verður haldin ráðstefna á vegum Sagnfræðingafélags Íslands og Borgarfræðaseturs í Norraða húsinu. Með henni verður rekinn endahnúturinn á hádegisfundaröð vetrarins. Ráðstefnan hefst kl. 13:15 lýkur kl. 16:00. Fundar- og umræðustjóri verður Stefán Ólafsson. Endanleg dagskrá liggur ekki fyrir á þessari stundu en samkvæmt óstaðfestri bráðabirgðadagskrá er ráðgert að flutt verði fjögur erindi:

Páll Björnsson, sagnfræðingur við Hugvísindastofnun Hi: Borgarmúrar úr fortí og samtíð.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur við Hagfræðistofnun Hi: Hversu lengi mun Reykjavík vaxa?

Halldór Gíslason, arkitekt og deildarstjóri hönnunardeilda LHÍ: Úr viðjum kortagerðarinnar. Salvör Jónsdóttir, svíosstjóri skipulags- og byggingarsviðs RVK: Framtíð Reykjavíkur.

Að loknu hléi verða pallborðsumræður með þátttökum tveggja fyrirlesara og tveggja til viðbótar. Dagskráin verður nánar auglýst á þeim tveimur hádegisfundum sem eftir eru og svo að sjálfsögðu á Gammabrekku, heimasíðu félagsins og í fjölmöldum.

Að lokum má nefna að hugmyndir að efnum fyrir komandi hádegisfundaraðir eru vel þegnar og má senda þær til Páls Björnssonar formanns félagsins (pab@hi.is).

---

**MÍÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA**  
Í SAMVINNU VIÐ REYKJAVÍKURAKADEMÍUNA OG LANDSBÓKASAÐN:

---

**VERA HERTZSCH OG HREINSANIRNAR MIKLU**

---

Nafn Veru Hertzsch hefur iðulega borið á góma hér á landi í umfjöllun um afstöðu Halldórs Kiljans Laxness til kommúnismans. Í tilefni af því að um þessar mundir eru liðin 60 ár frá því að hún lést í fangabúðum í Karaganda í Kazakhstan, verður kastljósini beint að henni sjálfrí, ævi hennar og afdrifum, og því sögulega samhengi sem mál hennar endurspeglar. Hvert var umfang hreinsananna miklu og fangabúðakerfisins sem komið var á fót í Sovétríkjunum? Hvenær og hvers vegna var Vera Hertzsch handtekin? Hvernig fléttast mál hennar inn í ráðstafanir og aðgerðir öryggislögreglunnar NKVD? Hvað varð um Veru Hertzsch og hvaða sögu segja eftirlifandi starfsmenn í einum fangabúðum þar sem vitað er að hún dvaldi? Þessum spurningum og fleirum verður leitast við að svara á málþingi Miðstöðvar einsögurannsókna sem heldið verður laugardaginn 15. mars næstkomandi í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna og Landsbókasafnið. Málþingið hefst klukkan 14:00 og lýkur um klukkan 16:00. Málþingið fer fram í fyrilestrarsal Landsbókasafns-Háskólabókasafns í Þjóðarbókhloðunni.

**Dagskrá.**

Kl. 14:00 — Arnór Hannibalsson: Hreinsanirnar miklu og fangabúðakerfi Sovétríkjanna.

Kl. 14:30 — Gunnar Harðarson: Frá Leipzig til Karaganda: Tímaröð atburða í mali Veru Hertzsch.

Kl. 15:00 — Jón Ólafsson: Á slóðum Veru Hertzsch í Témnikov-búðunum 2002.

Kl. 15.30 — Pallborðsumræður.

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðsumræðu: Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur.

---

**FRÁ LANDSNEFND SAGNFRÆÐINGA**  
**25. NORRÆNA SAGNFRÆÐINGAPÍNGIÐ**  
**Í STOKKHÓLMI 2004**

---

Dagskrá norræna sagnfræðingapíngsins í Stokkhólmi 4.-8. ágúst 2004 verður í fjölbreytilegu formi. Uppistaðan í dagskránni eru þrjú heilsdagsefni og átta hálfsdagsefni, og er búið að ákveða þessi efni fyrir nokku síðan. Auk þeirra verður talsverðu rúmi varið í hringborðsumræður, frjálsa fyrilestra og verkefnakynningar og hefur undirbúningsnefnd ráðstefnunnar auglýst eftir tillögum þar um. Tillögum ber að skila til nefndarinnar ekki síðar en 7. apríl 2003. Landsnefnd sagnfræðinga hvetur sagnfræðinga til að taka þátt í ráðstefnunni og senda tillögur á eftirfarandi heimilisfang:  
Det 25:e Nordiska historikermötet Stockholms universitet Historiska institutionen SE-106 91 Stockholm Sverige  
eða í tölvupósti á eftirfarandi netfang: nhm2004@historia.su.se

Þeir sem skila inn tillögum eru beðnir um að láta Landsnefnd sagnfræðinga vita (gudmjons@hi.is) svo hún hafi yfirsýn um það hverjir taka þátt í ráðstefnunni. Nánari upplýsingar um norræna sagnfræðingapíngið er að finna á heimasíðu þingsins <http://www.historia.su.se/historikermotet>.

Landsnefnd sagnfræðinga,  
Eiríkur G. Guðmundsson  
Gísli Gunnarsson  
Guðmundur Jónsson  
Kristjana Kristinsdóttir  
Lára Magnúsardóttir  
Unnur Birna Karlsdóttir

## PJÓÐARSÖGUR — KAÓS EÐA HARMÓNÍA?

Á bókafundi Sagnfræðingafélagsins 5. febrúar síðast liðinn spruttu líflegar umræður um efnistök og aðferðir við ritum þjóðarsögu eins og þeirrar sem var til umræðu á fundinum, *Ísland á 20. öld* eftir Helga Skúla Kjartansson. Í umræðunum kom fram áhugaverður grundvallarmunur á því hvað sagnfræðingar vilja telja til þjóðarsöguyfirlits og hvað ekki, án þess að vera krufinn til mergjar. Sá sem hér skrifar lagði orð í belg í umræðum og langar til að taka ógn á þessu máli hér.

Bók Helga Skúla er hugsuð sem eins konar yfirlit um sögu þjóðarinnar á 20. öld en best er hún kannski sem yfirlit um efnahags- og stjórmálaprórun aldarinnar, enda þótt fjallað sé um fleiri efnissvið. Höfundur benti enda sjálfur á að val efnisatriða og málaflokka markaðist nokkuð af því hversu vel það félldi að þeim meginþráðum sem hann spann úr sögu efnahagsslifs og stjórmála. Það væru þau efnissvið sem hann þekkti helst og treysti sér best til að skrifa um og auk þess væru einna ríkulegastar heimildir til um þau efni. Í máli höfundar og fleiri kom einnig fram að umbreytingar á sviði efnahagsslifs og stjórmála væru líka einu sinni þau svið sem mestan svip hefðu sett á þjóðarsöguna — þar væru hin ráðandi öfl sögunnar — og því ekki óeðlilegt umfjöllun um þau væri fyrirferðarmikil.

Í umræðum kom fram að ýmsir söknudu meiri umfjöllunar um menningarmál og lifshætti. Fleira var nefnt og hlutur kvenna var það efni sem fundargestum varð kannski einna tíðræddast um. Í því samhengi nefndi ég að ef segja ætti sögu heillar þjóðar yrði að segja sögu allra hópa hennar nokkuð jafnt og þar sem konur væru helmingur þjóðarinnar ætti yfirlitsrit kannski að fjalla í jafn ítarlegu máli um málefni kvenna og karla. Helgi Skúli sagði þá að þetta væri ótækt sjónarmið vegna þess að ekki væri t.d. hægt að fjalla jafn mikil eða meira um kjósendur heldur en þá sem kosnir voru.

Þetta dæmi Helga var ágætt því það sýndi í hnottskurn skoðanamun fundargesta og þá spurningu sem hver höfundur þjóðarsögu stendur frammí fyrir. Á að binda sig einkum við sögu hinna „ráðandi afla“ í söguframvindunni og geta annarra málefna eftir efnum og aðstæðum? Eða á að draga jafn mikil inn þau efnissvið og málaflokka sem minna máli virðast hafa skipt fyrir framvinduna eins og hún horfir við höfundi?

Hér verður því halddið fram að gott og nútímalegt þjóðarsöguyfirlit verði að semja með *alla þjóðina* í huga og taka á *öllum hliðum* sögu hennar. Góð og nútímaleg sagnfræði kallar á sílk

efnistök og almenningur og skólafolk, lesendur og notendur slíkra bóka, vill slík rit. Þróun sagnfræðinnar erlendis á síðustu áratugum hefur sýnt að ekki er hægt að binda sig lengur við hið félagsvínsdalega sjónarhorn þar sem saga efnahagsslifs og stjórmála er í fyrirrúmi. Þörf er á að taka fullt tillit til nýrra efnissviða og sjónarmiða sem fram hafa komið í fræðunum. Hér á eg t.d. við þá vitnesku og sjónarmið sem hversdagssaga, kynjasaga, og tæknisaga hefur lagt fram til sagnfræðinnar.

Hvað lesendur og notendur þjóðarsöguyfirlita snertir þá benda vinsældir ævisagna, einsögurannsókna, og ýmiss konar hversdagssögu til mikils áhuga á lífi almennings og hinum ólíku hliðum þess. Vætanlega hliðóta þessir lesendur líka að vilja sjá þessum hliðum gerð verðug skil í þjóðarsögum, þótt það hafi ekki verið gert fyrir á tíð. Fyrir hverja eru slík yfirlit samin ef ekki fyrir almenning og skólafolk?

Að þessu tilefni vakna óhjákvæmilega spurningar um það hvernig slík þjóðarsöguyfirlit ættu að vera eða gætu litið út. Þetta eru í raun spurningar um það sem væri æskilegt og það sem væri gerlegt. Víkjum fyrst að því hvað væri æskilegt. Í samræmi við sjónarmið mitt væri æskilegast að geta sagt sögu allra þeirra hópa sem þjóðina mynda á hverjum tíma. Með því er átt við að ekki sé gleymt sögu þeirra hópa sem stóðu á einhvern hátt utan eða ofan við hina eiginlegu „framþróun“, sem venjulegast hefur verið talin vera framvinda (og nútímovæðing) efnahagsslifs og stjórmála. Hér má nefna (í engri sérstakri röð enda skarast hóparnir líka) verkafólk, konur, útlendinga, sjúklinga, aldrað fólk, o.s.frv. Með öðrum orðum þá valdalithu eða valdalausu í þjóðféluginu og þá sem létu fara litið fyrir sér eða unnu sitt starf í kyrrþey.

Þetta má líka setja öðruvísi fram. Nefna mætti dæmi um öll þau svið mannlífsins sem svo oft vilja verða útundan í yfirlitsritum: allt í sambandi við vinnu fólks (stjórnun og eftirlit, vinnumáðstæður, kaup og kjör, réttindi, verkstjórar/stjórnendur og eigendur ...), um konur og karla (verkaskiptingu, uppeldi, samskipti kynjanna, kynlíf, hjónabond, barneignir ...), um viðhorf við þjóðernis og útlendinga (ættjardráást, kynbótagryggja, Danir á Íslandi, gyðingabrottvisanir, innflytjendur ...), lífsferil fólkis frá vöggu til grafar og áhrif þjóðfélagsbreyingta, félagshreyfingar og grásrótarhreyfingar, sjúkdóma og lækningar,

## ÞJÓÐARSÖGUR — KAÓS EÐA HARMÓNÍA?

innreið tæknikerfa af ýmsu tagi (sími, rafmagn, samgöngutæki, skólp og sorp), og svo mætti lengi telja.

Bessi æskilegu markmið rekast að sjálfsögðu harkalega á raunveruleikann. Ekki eru til rannsóknir um nema um sumt af því sem ætti að vera í slíku riti og á hinn bóginn er mikil til um önnur efni. Þar að auki getur þjóðarsögufirlit í einu til tveimur bindum ekki rúmað nema takmarkað efni. Helsti höfuðverkur jafnvel hins velviljaðasta og bestmeinandi sagnfræðings verður því eins og jafnan efnisvalið og framsetningin.

Hefðbundin þjóðarsögufirlitsrit skapa yfirleitt ekki mikla erfiðleika við efnisval og framsetningu. Þau byggja oftast á hugmyndum um mikilvægi efnahagslifs og stjórnmála og því er sagan sögð út frá þeim gerendum sem hafa haft hið efnahagslega og stjórnálalega vald í sínum höndum og hafa „mótað“ söguframvinduna mest. Í slíkum tilfellum er tiltölulega auðvelt að setja efnið fram og spinna þræði saman þannig að allt lúti söguframvindu hinna ráðandi afla. Þannig er sýnt fram á megináhrifavalda og annað efni er síðan tengt efnisumfjöllum eftir sem efni og aðstæður leyfa.

Þjóðarsögufirlit af því tagi sem ég er hér að tala fyrir eru hins vegar mun snuðari í samningu. Í fyrsta lagi eru engar innlendar til fyrirmyn dir að styðjast við. Að visu má segja að *Saga Íslands* frá Hinu íslenska bókmennatafélagi sé að forminu til svolítioð í ætt við svona söguritun en efnislega er hún það ekki. Í öðru lagi er efnismagnið, sem kallar á að komast að, yfirþyrmindi en rannsóknir oft á tíðum takmarkaðar. Og í þriðja lagi vakna ýmsar áleitnar spurningar í sambandi við framsetninguna.

Í fljóti bragði er teflt á ýmsar hugsanlegar hættur sem eru örðugari í svona þjóðarsögum heldur en hinum hefðbundnu. T.d. er nokkuð ljóst að frásögnin hlýtur að verða fjölmáraða eða margþráða. Segja verður frá mörgum og ólíkum málefnum sem tengjast kannski lítið og sýna jafnvel mótsagnakennt breytingaferli. Hugsanlegt er jafnvel að fram komi ólík viðhorf eða andstæðar upplifanir á sumu. Það tengist reyndar því hvort höfundur leggur eina sögutulkun til grundvallar eða vill og getur kannski sett fram andstæðar tulkunarir. Þá er að sjálfsögðu hættá að samhengi frásagnarinnar verði óljóst, framvindan virðist skrykkjótt, og aðalatriði og aukaatriði blandist jafnvel saman.

Eftir sem áður skapa þessar „hættur“ líka væntanlega möguleika á ýmsu sem hefðbundin

þjóðarsögufirlit gefa ekki færi á. Fortíðin er samsafn atburða og breytinga, án samhengis, ringulreið sem sagnfræðingar reyna að setja fram í samhengi og skyra hver út frá sínum fræðasviðum, þekkingu, og aðferðafræðilegu viðmiðunum. Þjóðarsögufirlit af þessu tagi mundu neyða höfundinn til að leggja betur niður fyrir sér ýmislegt sem hann ella tæki sem sjálfsagðan hlut. Væri líka ekki allt í lagi þótt mótsagnir og andstæður kæmu óhikað fram og lesandinn fyndi það? Þá fyndi hann ennþá betur að fortíðin er ekki einhver geirnegldur sannleiki sem sagnfræðingurinn er að „finna“ heldur aðeins möguleiki á sjónarhorni, samhengi, sambandi, túlkun. Sem dæmi má nefna að tittnefnd hnattvæðing á okkar dögum er í augum sumra splúnkunýtt fyrirbæri meðan aðrir líta á hana sem nýtt tilbrigði við árpúsundagamalt stef. Í augum sumra er hnattvæðingin hálfgerð gjöf Vesturlanda til hins „vanþróaða“ heims meðan hinir „vanþróuðu“ líta hana sem eyðingarafl í margs konar skilningi. Og hvort var frekar „ráðandi afl“ í sögunni, sjúkdómarnir sem herjuðu á íbúa Nýja heimsins eða hernaður Evrópumanna þar?

Bessi dæmi gripin af handahófi úr erlendri sögu sýna að sagan er margræð og við getum ekki verið að díkta upp harmóniu á fortíðina og bjóða sléttar og felldar túlkanir í þjóðarsögu. Sagnfræðin er margbreytileg og fortíðin er mótsagnakennd og því ekki láta þann margbreytileika og þær mótsagnir endurspeglast í þjóðarsögunni? Hlýtur hún ekki líka að endurspeglar sérrannsóknir sagnfræðinga sem eru oft afar ólíkar innbyrðis?

Prátt fyrir ýmiss konar óvissu við nýja tegund þjóðarsögufirlita verðum við að glima við vandamálin sem því fylgja og læra af reynslunni. Læra af því að glíma við innihaldið, fortíðina, og finna heppilegt form, frásagnarmáta, fyrir það. Slíkar glímur mundu líka vonandi verða til þess að benda betur á þær fjölmörgu eyður sem eru í rannsóknum okkar, bæði um efni og aðferðir. Og ekki síður að hirða betur um heimildaforðann. Heimildir frá hinum hefðbundnu „ráðandi öflum“ ná t.d. hvergi að spanna hinar margbreytilegu hliðar á lífi þeirra sem voru utan valdasviðsins. Hér mætti nefna sögu frjálsra félaga. Þess vegna er svo mikilvægt að skjalasöfn sinni heimildaforðanum sem liggar utan hinna opinberu aðila.

Því engin saga er án heimilda, þótt heimildirnar tali eftir sem áður ekki fyrir sig sjálfar heldur séu háðar meðhöndlun sagnfræðingsins á vitnisburði þeirra.

---

HELGI SKÚLI KJARTANSSON

## EKKI UM ERLENDA SÖGU?

---

„Hvers vegna skrifa íslenskir sagnfræðingar ekki um erlenda sögu?“ Spurningunni vísar Jón P. Þór til míni í síðasta fréttablaði, með hugleiðingum um gildi þess að „til væru á íslensku greinargöð rit um erlenda sögu“ handa námsfólk, áhugasömum lesendum og þeim „sem á upplýsingum þurfa að halda í dagsins önn“, og mætti það einnig „styrkja stöðu íslenskrar tungu“.

Bessi markmið tek ég vitaskuld undir af heilum hug með mínum gamla kunningja, eins og ég held að flestir myndu gera. Spurningin er hvort þeim sé betur þjónað með þyddum ritum eða frumsöndum. Þurfa það að vera íslenskir sagnfræðingar sem sjálfrir skrifa lesefni okkar um erlenda sögu?

Sú var tiðin að íslenskir höfundar, hvort sem þeir voru sögmenn að fagmenntun eða ekki, rituðu bækur um erlenda sögu. Það voru þáttasöfn, ævisögur (t.d. vinsæl seria um nokkra fræga Bandaríkjaforseta) og yfirlitsrit – og að sjálfsögðu kennslubækur fyrir skólanum. Þrír menn kenndu mér erlenda sögu við háskólanum um 1970, og höfðu allir rituð bækur fyrir almennan markað um erlenda sögu. Tveir þeirra hvor sitt bindið í Mannkynssögu Máls og menningar, flaggskip hinna frumsöndu rita um almenna sögu, en útgáfa hennar hafði þá stöðvast eins og svo margra fyrirhugaðra fjölbindaverka. Svo gerðist það nokkuð óvænt að hún hrökk af stað aftur með bindi Jóns Thors Haraldssonar um síðaskiptatímann 1980. Ég fór þá á kreik, eins og víst ýmsir aðrir, til að koma mér á framfæri sem hugsanlegum höfundi. Um skeið stóð til að við Haraldur Jóhannesson hagfræðingur skiptum með okkur miðaldaskarðinu sem stóð ófyllt milli binda þeirra Jóns Thors og Sverris Kristjánssonar.

Það leið ekki á löngu uns öll slík áform voru fallin niður. Í staðinn var það Veraldarsaga Fjölvá sem brunaði á leiðarenda í sínum átta bindum, erlent verk, þýtt og endursagt og prentað í samfloti við útgáfur á öðrum málum. Síðar vann ég um skeið við Sögu mannkyns – ritróð AB og enn síðar Heimssöguatlas Íðunnar, hvort tveggja verk beinlínis samin til þyðingar á sem flest mál og að sama skapi mikið í þau lagt, bæði af sérfræði og ekki síður af myndefni. Fróðleiksrit af þessu tagi hafa mörg verið gefin út á síðari árum, bæði um sögu og annað, ýmist ætluð ungum notendum eða fullorðnum. Þau hafa leyst frumsöndu ritin af hólmi. Jafnvel skólabækur í mannkynssögu voru á

níunda áratugnum þýddar en ekki frumsamdar, bæði fyrir framhaldsskóla og unglingsastig. Það hefur breyst aftur, en á öðrum sviðum eru það þyðingarnar sem ráða ríkjum. Sem eðlilegt er, af því að nú gerum við meiri kröfur til slíkra rita en áður fyrir, einkum kröfur um ríkulegt myndefni, löglega fengið og vel úr garði gert.

Ætli við gerum ekki líka meiri kröfur til höfundanna? Og treystum þá erlendu forlögunum betur til að virkja þá ólíku sérfræði sem þörf er á. Mér finnst a.m.k. eftir að mig hafi tilfinnanlega skort sérþekkingu til að semja einn míns liðs mitt fyrirhugaða bindi um miðaldasögu.

Auðvitað eru mörg okkar mætavel að sér um erlenda sögu þó að ég sé það ekki. Drjúgur hópur íslenskra sagnfræðinga hefur numið erlendis og einhverjur þeirra unnið skólarannsóknir um erlend efni, altt upp í doktorsritgerðir. En við reiknum einhvern veginn ekki með að fólk reyni neitt að koma því efni á framfæri á íslensku. Okkur þykir eðlilegt líka að háskólakennararnir, sem kenna námskeið um erlenda sögu, haldi sig í rannsóknum mest við íslensk efni og skrifi fremur um þau á erlendum málum en um erlend efni á íslensku.

Enda er þetta ekki nema eðlilegt. Rannsóknarrit um erlenda sögu eiga hér takmarkaðan lesendahóp, og hann getur bjargast við rit á erlendu málum. Markaði fyrir yfirlitsrit og handbækur af ýmsu tagi en farsælast að mæta með vönduðum þyðingum á vel völdum erlendum verkum.

Ef við, íslenskir sagnfræðingar, ættum að skrifa um erlend efni fyrir íslenskan bókamarkað, þá væru það ekki bækur sem kepptu á sléttu við hinum þýddu, heldur verk sem helguðust af sérstökum íslenskum sjónarhlóli. Tvær sliðar hugmyndir get ég nefnt sem mér hafa einhvern tíma þótt spennandi.

Önnur er í rauninni gamla miðaldasagan, en stíluð algerlega upp á Íslendinga. Samtið Ingólfss og Egils væri t.d. bók um veröldina á víkingaöld, saga Íslands notuð fyrir sjónarhlóli; Norðurlandasagan og Evrópusagan sögð sem mest út frá því sem íslenskir formenn pekktu og kynntust, og því sem þá strax eða síðar hafði áhrif út til Íslands; en að öðru leyti sagt frá í sifelldum samanburði við Ísland og þess virka umheim. Sem sagt: mannkynssaga af allt öðru tagi en nokkuð það sem haegt væri að finna og þýða.

Hin hugmyndin er kannski meira af heimi

---

HELGI SKÚLI KJARTANSSON

## EKKI UM ERLENDA SÖGU?

---

glanstímaritanna: Konungsættir Íslendinga. Flott bók og ekki of þung á fræðilegu bárunni, mestmeginn ævipættir konunganna (og Margrétar drottningar) sem hér réðu ríkjum úr fjarska, allt frá HákonI gamla til Kristjáns tiunda, og þá með áherslu á afskipti þeirra af íslenskum málum og afstöðu Íslendinga til þeirra og til konungsvaldsins sem slíks. Hentugt væri að kaflaskipta eftir konungsættum; inngangskafli ætti að segja frá Noregskonungum á þjóðveldisöld, allt frá Haraldi hárfagra; og drepa mætti á þau forsögulegu konungakyn sem stundum datt í Íslendinga að

skeyta við framættir sínar.

Pessu slæ ég nú fram, svona „án ábyrgðar“. Hitt þykist ég muna að á aðalfundi Sögufélags í vetur hafi verið kynntar hugmyndir starfshóps um vänleg útgáfuverkefni þess góða forlags, og þar á meðal ein um sögu erlendra ríkja. Það þætti mér nú fróðlegt að einhver af hugmyndasmiðum Sögufélags rifjaði upp hér í fréttabréfi, og allra helst hinar hugmyndirnar líka, því að þær voru ýmsar, ef ég man rétt, og allrar ihugunar virði fyrir okkur sagnfræðinga.

---

MÁLSTOFA SAGNFRÆÐISKORAR 25. MARS KL. 12:05

### WHAT IS ENVIRONMENTAL HISTORY?

---

Þriðjudaginn 25. mars heldur prófessor Charles E. Williams fyrirlestur í málstofu sagnfræðiskorar Háskóla Íslands sem hann nefnir **What is Environmental History?** Fundurinn fer fram í stofu 301 í Nýja Garði (Hugvísindastofnun) og hefst stundvíslega kl. 12:05. **Charles E. Williams** er prófessor í vistfræði við Clarion-háskóla í Pennsylvaniu. Hann hefur beitt sagnfræðilegri og fjölfaglegri nálgun við könnun mannvistar, einkum í Appalachia-fjöllum. Hann vinnur núna að bókinni *No Mountains, Just Valleys: An Ecological and Cultural History of the Allegheny High Plateau*. Á vormisseri 2003 er hann Fulbright-kennari við sagnfræðiskor og kennir á BA-stigi í fornleifafræði og MA-stigi í sagnfræði. Fjölmennum.

---

### FRÁ KREPPU TIL VIÐREISNAR: HVERNIG TÓKST TIL? MÁLPING Í ODDA 15. MARS KL. 13-16

---

Frá kreppu til viðreisnar er yfirskrift málþings sem Hagfræðistofnun og Sagnfræðistofnun efna til í Háskóla Íslands laugardaginn 15. mars. Þar verður fyllað um samnefnda bók er út kom fyrir síðustu jól, en hún hefur að geyma ritgerðir sjö höfunda um hagþróun og hagstjórn á Íslandi á árunum 1930-1960. Frummælendur á málþinginu verða Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, og Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur.

Að framsögum þeirra loknum verða haldnar pallborðsumræður sem Arnór Sighvatsson, Guðmundur Jónsson, Jónas H. Haralz, Sigurður Snævarr og Þorvaldur Gylfason taka þátt í. Stjórn málþingsins verður í höndum Sigurðar Snævarr, hagfræðings.

Málþingið hefst kl. 13 í stofu 101 í Odda við Sturlugötu og lýkur um kl. 16.

**Eins og lensendur Fréttabréfsins hafa eflaust tekið eftir var síðasta tölublað prentað í stærra broti en venja er. Ekki var um nýtt útlit að ræða heldur urðu mistök í prentun. Síðan hafa verið prentuð aukaeintök í réttri stærð og þeir sem vilja eignast slík eintök í safnið geta haft samband við Davíð Ólafsson ([davidol@akademia.is](mailto:davidol@akademia.is)) eða Pál Björnsson ([pab@hi.is](mailto:pab@hi.is)).**

---

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjöldritunarstofu Daniels Halldórssonar.

---

Áframsemið ekki!  
Sagnfræðingafélag Íslands  
Hringbraut 121 107 Reykjavík

---